

Föstudaginn 27. apríl 1990.

Nr. 7/1990.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóhanni Geir Guðjónssyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar til þyngingar refsingar og jafnframt að ósk ákærða með stefnu 28. desember 1989. Í málflutningi fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar héraðsdóms, en ákærði krafðist sýknu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Geir Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 604/1989: Ákærvaldið gegn Jóhanni Geir Guðjónssyni, sem tekið var til dóms hinn 23. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. apríl 1989, á hendur ákærða, Jóhanni Geir Guðjónssyni verslarmanni, Úthlíð 11, Reykjavík, kt. 240248-2209, „fyrir að aka, föstudaginn 16. desember

1988, bifreiðinni R-61955 (sic) austur Bústaðaveg í Reykjavík með allt að 97 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli á Bústaðabrú.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Föstudaginn 16. desember 1988 kl. 8.22 ók ákærði austur Bústaðaveg í Reykjavík. Á sama tíma óku lögreglumennirnir Jónas Sigurður Magnússon og Ólafur Ágúst Gíslason í gagnstæða átt og mældu hraða bifreiðar ákærða með ratsjá, er hún var stödd á Bústaðabrú. Lögreglumennirnir lásu töluna 97 á skjá ratsjárinnar, en náðu síðan að festa töluna 92 á skjánum, og var hún sýnd ákærða, eftir að akstur hans var stöðvaður á Háaleitisbraut. Ákærði kvað niðurstöðuna vera fráleita og áleit hraða bifreiðarinnar hafa verið eðlilegan, eða u.þ.b. 50-60 km/klst.

Í lögreglurannsóknargögnum málsins kemur fram, að myrkur og töluverð umferð hafi verið á mælingarstundu, og var akvegur blautur. Ratsjána hafi lögreglumennirnir prófað fyrir og eftir mælinguna, og reyndist hún vera í lagi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 17. janúar sl., og mótmælti hann ratsjarmælingunni á þeirri forsendu, að miklar truflanir væru í farsímum á mælingarstað, og því álitu hann, að truflanir gætu einnig orðið í ratsjám lögreglunnar. Ákærði kvað hraða bifreiðarinnar ekki hafa verið meiri en 50-60 km/klst.

Ákærði var ekki reiðubúinn að ljúka máli þessu með dómsátt, svo sem honum var boðið á dómþingi hinn 23. febrúar sl. Við það tækifæri ítrekaði ákærði mótmæli sín við kæru lögreglunnar.

Við síðari meðferð málsins fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hafi greint sinn ekið bifreið sinni austur Bústaðaveg og numið staðar við umferðarljósinn hjá Suðurhlíð. Er hann ók af stað, hafi hann gætt þess að fylgja hraða þeirra 10-12 bifreiða, sem ekið var austur Bústaðaveg á vinstri og hægri akrein og ók ekki fram úr neinni þeirra. Hluti bifreiðanna hafi síðan ekið inn á aðreinu að Kringlumýrarbraut. Ákærði viðurkenndi að hafa ekki fylgst nákvæmlega með hraðamæli bifreiðar sinnar, en kvaðst þekkja vel til hraða hennar og fullyrti því, að hraðinn hafi ekki verið meiri en 50-60 km/klst. frá fyrrnefndum gatnamótum og þar til lögreglan stöðvaði akstur hans. Áleit ákærði því, að um einhver „tæknileg mistök“ hljóti að hafa verið að ræða, sem valdið hafi skekkju í niðurstöðu ratsjarmælingarinnar.

Lögreglumennirnir gáfu skýrslu vegna málsins 17. janúar og 15. febrúar

sl., og var framburður þeirra efnislega samhljóða í öllum meginatriðum. Vitnin kváðust hafa mætt bifreið ákærða á Bústaðabrú og mældu þar hraða hennar allt að 97 km/klst., en læstu síðan töluna 92 á skjá ratsjárinnar. Jónas Sigurður kvað mælinguna ekki hafa getað átt við neina aðra bifreið, og væri hún því „óumdeilanleg“. Ólafur Ágúst tók í sama streng og kvað ekki hafa verið um neina aðra bifreið að ræða, sem mælingin gæti átt við.

Framangreind vitni komu fyrir dóm hinn 19. október sl. Vitnið Jónas Sigurður Magnússon skýrði frá málavöxtum á þá leið, að það hafi verið á leið vestur Bústaðaveg, er það veitti bifreið ákærða athygli, þar sem henni var ekið með miklum hraða í gagnstæða átt eftir vinstri akrein. Töluverð umferð hafi verið í austurátt, og því hafi lögreglumennirnir beðið eftir því, að ákærði æki fram hjá aðrein Kringlumýrarbrautar, þ.e. þar til bifreiðin hafi verið ein á ferð, en þá hafi Ólafur sleppt út ratsjárgeislanum, sem sýndi töluna 97. Dró síðan úr hraða bifreiðarinnar, og læsti Ólafur töluna 92 á skjá ratsjárinnar. Vitnið kvað mælinguna hafa verið gerða, er bifreið ákærða var á móts við vestari enda brúarinnar, en lögreglubifreiðin var þá nýlega komin inn á brúna. Í sömu andrá og bifreiðarnar mættust hafi vitnið snúið við, og hófst því næst eftirför, er lauk á Háaleitisbraut.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa verið búíð að ljúka námskeiði í meðferð ratsjártækja á þeim tíma, er mælingin var gerð, og hafi það verið stjórnandi á vettvangi. Vitnið kvað það vera öruggt, að ekki hafi getað verið um neina aðra bifreið að ræða, sem mælingin gæti átt við, enda veitti vitnið bifreiðartegundinni athygli og fullyrti, að það hafi aldrei misst sjónar á henni, ef undan er skilin smástund, er vitnið sneri lögreglubifreiðinni við. Vitnið kvað aðstæður til hraðamælinga hafa verið ágætar umræddan morgun.

Vitnið Ólafur Ágúst Gíslason skýrði frá því, að það hafi ekið vestur Bústaðaveg, er það veitti bifreið ákærða athygli á Bústaðabrú. Þar sem bifreiðinni virtist vera ekið greitt, hafi vitnið sleppt út ratsjárgeisla, sem mældi hraðann 97 km/klst. Vitnið náði síðan að læsa töluna 92 á skjá ratsjárinnar. Vitnið minnti, að fremur lítil umferð hafi verið á mælingarstað, og kvað mælinguna ekki geta átt við neina aðra bifreið. Aðspurt kvað vitnið skilyrði til ratsjarmælinga hafa verið góð umræddan morgun. Ekki mundi vitnið nákvæmlega, hvar lögreglubifreiðinni var snúið við, en áleit það hafa verið, áður en komið var að brúnni. Vitnið fullyrti, að það hafi aldrei misst sjónar á bifreið ákærða, frá því að mælingin var gerð og þar til bifreið hans var stöðvuð á Háaleitisbraut, og tók vitnið sérstaklega fram, að það hafi veitt tegund og lit bifreiðarinnar athygli, er bifreiðarnar mættust á Bústaðavegi.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa verið búíð að sækja námskeið í meðferð ratsjártækja á þeim tíma, er það framkvæmdi umrædda hraða-

mælingu. Vitnið kannaðist við það, að „kvörðun“ væri ætíð gerð í upphafi og lok ratsjarmælinga. Hins vegar beitti vitnið almennt ekki þeirri reglu að framkvæma kvörðun með klukkustundar- eða skemmra millibili og kvadst ekki fylgja neinni fastri reglu í þeim efnum.

Niðurstöður.

Svo sem að framan er rakið, gætir verulegs ósamræmis milli framburðar ákærða annars vegar og framburðar lögreglumannanna tveggja hins vegar um það, hver hraði bifreiðar ákærða hafi verið greint sinn, er lögreglan mældi hann með ratsjá á vegarkafli á Bústaðabru. Hefur ákærði eindregið haldið því fram, að hann hafi ekki ekið hraðar en 50-60 km/klst., og kveður einhver „tæknileg mistök“ hljóta að hafa átt sér stað varðandi mælinguna. Lögreglumennirnir hafa á hinn bóginn báðir borið fyrir dómi, að það hafi örugglega verið bifreið ákærða, sem þeir mældu á 97 km/klst.

Í ákæruskjali er ranglega farið með skráningarnúmer bifreiðar ákærða, en það á réttilega að vera R-61995. Ákærði hefur staðfest þetta fyrir dómi og leiðrétt ákæruna að þessu leyti. Þykir þetta misræmi því eigi koma í veg fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að ranglega hafi verið staðið að framangreindri hraðamælingu. Ratsjain var prófuð samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, og reyndist hún vera í lagi. Lögreglumennirnir veittu tegund bifreiðar ákærða athygli, er þeir mættu henni á brúnni, og sneru þegar lögreglubifreiðinni við. Eftirför þeirra var því órofin, allt þar til bifreið ákærða var stöðvuð. Það er því mat dómsins, að leggja beri niðurstöðu ratsjarmælingarinnar til grundvallar og telja sannað með vísan til hennar og framburðar lögreglumannanna, að ákærði hafi greint sinn ekið bifreið sinni með allt að 97 km/klst. eftir vegarkafli þeim, er greinir í ákæru. Hefur ákærði þannig gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1967 13/3 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2454. Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 45. og 46. gr. umfl.
- 1969 9/5 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2124. Sátt: 400 kr. sekt f. brot g. 45. gr. umfl.
- 1973 18/7 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2699. Sátt: 1.100 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
- 1976 27/9 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2491. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 til þess að geiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Geir Guðjónsson, greiði 10.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.
